

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 310/2025

2026/EES/26/57

frá 5. desember 2025

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1232 frá 14. júlí 2021 um tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB að því er varðar notkun veitenda fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem er ótengd númerum, á tækni til að vinna úr persónuupplýsingum og öðrum gögnum í þeim tilgangi að berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1307 frá 29. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1232 um tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB að því er varðar notkun veitenda fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem er ótengd númerum, á tækni til að vinna úr persónuupplýsingum og öðrum gögnum í þeim tilgangi að berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu ⁽²⁾.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5haa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5hab. **32021 R 1232**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1232 frá 14. júlí 2021 um tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB að því er varðar notkun veitenda fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem er ótengd númerum, á tækni til að vinna úr persónuupplýsingum og öðrum gögnum í þeim tilgangi að berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu (Stjtið. ESB L 274, 30.7.2021, bls. 41), eins og henni var breytt með:

- **32024 R 1307**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1307 frá 29. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1307, 14.5.2024).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, ber að skilja hugtökin „aðildarríki“ og „eftirlitsyfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-rikjanna og eftirlitsyfirvalda þeirra, í þeirri röð, auk merkingar þeirra í reglugerðinni.

- b) Í 2. gr. að því er varðar EFTA-rikin:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 274, 30.7.2021, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1307, 14.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1307/oj>

- i) a-liður 2. mgr. orðast sem hér segir „barnaklám“ er skilgreint sem: i) hvers konar efni sem sýnir barn sem stundar raunverulega kynferðislega hegðun eða líkir eftir slíkri hegðun, ii) hvers kyns mynd af kynfærum barns í, fyrst og fremst, kynferðislegum tilgangi, iii) hvers kyns efni sem sýnir á sjónrænan hátt einstakling sem virðist vera barn sem framkvæmir raunverulega kynferðislegar athafnir eða líkir eftir þeim eða hvers kyns mynd af kynfærum einstaklings sem virðist vera barn, fyrst og fremst í kynferðislegum tilgangi, eða iv) raunhæfar myndir af barni sem framkvæmir kynferðislegar athafnir eða raunhæfar myndir af kynfærum barns, fyrst og fremst í kynferðislegum tilgangi.“,
 - ii) b-liður 2. mgr. orðast sem hér segir „klámfengin sýning“ skilgreind sem sýning í beinni útsendingu sem ætluð er áhorfendum, þar á meðal með upplýsinga- og fjarskiptatækni, á: i) barni sem stundar raunverulega kynferðislega hegðun eða líkir eftir slíkri hegðun, eða ii) kynfærum barns, fyrst og fremst í kynferðislegum tilgangi.“,
 - iii) í 3. mgr. ber að skilja vísun til 6. gr. tilskipunar 2011/93/ESB sem vísun til samsvarandi ákvæða í landslögum EFTA-ríkjanna.
- c) Í 3. gr.:
- i) í vii-lið g-liðar 1. mgr. koma orðin „fyrir 31. janúar á hverju ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2025 frá 5. desember 2025“ í stað orðanna „fyrir 3. febrúar 2022 og fyrir 31. janúar á hverju ári þar á eftir“, að því er EFTA-ríkin varðar,
 - ii) í vii-lið g-liðar 1. mgr. bætist orðin „eða Eftirlitsstofnun EFTA, fyrir veitendur sem skráðir eru í EFTA-ríkjunum“ við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“,
 - iii) í v-lið h-liðar 1. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, ber að skilja vísun til tilskipunar 2011/93/ESB sem vísun til samsvarandi ákvæða í landslögum EFTA-ríkjanna.
- d) Í 7. gr.:
- i) í 1. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „Eigi síðar en tveimur mánuðum frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2025 frá 5. desember 2025“ í stað orðanna „Eigi síðar en 3. september 2021“,
 - ii) í 1. mgr. bætist orðin „eða Eftirlitsstofnun EFTA, fyrir veitendur sem skráðir eru í EFTA-ríkjunum“ við á eftir orðinu „framkvæmdastjórninni“ og orðin „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, fyrir veitendur sem skráðir eru í EFTA-ríkjunum“ við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.
- e) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA fær upplýsingar frá veitendum samkvæmt þessari reglugerð skal hún senda framkvæmdastjórninni upplýsingarnar án ótilhlýðilegrar tafar. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega þær upplýsingar sem veitendur í EFTA-ríkjunum leggja fram samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar.“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2021/1232 og (ESB) 2024/1307, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 5. desember 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

Formaður